

Stjörnuegg hf.  
H. Kristín Geirsdóttir  
Vallá  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 4. september 2020  
UST202003-315/gf  
08.12.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2020 – Stjörnuegg hf. – Vallá á Kjalarnesi**

Þann 17.7.2020 sl. fór fram eftirlit í Stjörnuegg hf. að Vallá á Kjalarnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram. Þær snúa að gámi fyrir aukaafurðir dýra (hrægám) og skráningu olíugeyma.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrít:**  
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnuegg Vallá, Kjalarsnesi



Dags eftirlits	17.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Stjörnuegg	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Vallá	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630191-1579	Flokkur	þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	H. Kristín Geirdóttir	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki nýtt frávik fannst í eftirliti ársins, eitt eldra frávik er enn opið.

Tvær ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúi rekstraraðila var H. Kristín Geirdóttir en frá Umhverfisstofnun Gottskálk Friðgeirsson.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 15. nóvember 2011 og gildir til 2023.

### Fundur

1. Aukaafurðir dýra og aðkoma UST
2. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
3. Kröfur í starfsleyfi / farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
4. Umhverfismarkmið
5. Mengunaróhöpp og tilkynningar /skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

### Skoðun í fyrirtækinu

Deiliskipulag fyrir Vallá á Kjalarsnesi er frá 2014 en uppfært árið 2018 vegna breytinga á þjóðvegi 1 um landið. Vallá er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og á landinu eru bæði alifuglabú og svínabú. Með alifuglaeldi er átt við bú þar sem hænsnfuglar eru aldir til framleiðslu á kjöti eða eggjum til manneldis. Á búinu eru rúmlega 40.000 hænsnfuglar og unnið að breytingum aðstöðunni. Uppsetningu á Hellmann Poultry varpbúnaði auk annarrar endurnýjunar á búnaði húsanna. Eftir breytingar verður aðgengilegt rými fyrir allt að 95.000 fugla í sömu húsum. Sjá má útfærslu í tillögu að matsáætlun sem Efla verkfræðistofa vann fyrir rekstraraðila. Sótt verður um nýtt starfsleyfi þegar vinnu Skipulagsstofnunar lýkur.

#### 1. Aukaafurðir dýra.

Rætt var um nýlega reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Reglugerðin setur sjálfdað dýr (þ.e. dýr sem deyja á annan hátt en með slátrun eða aflifun til manneldis þ.m.t. dýr sem eru aflifuð vegna sjúkdómsvarna) í áhættuflokk 2.

Sjálfdað dýr (dýrahrað) á Vallá er safnað í sérstakan hrægám sem stendur við svínabúið (að Gili) og þjónar hann bæði svína- og alifuglabúnum.

Matvælastofnun er lögbært yfirvald þegar kemur að skilgreiningu á áhættuflokkum, en í 9. gr. f) i. segir að „dýr og skrokkhltar dýra annarra en þeirra sem um getur í 8. og 10. gr. (fjalla um áhættuflokk 1 og áhættuflokk 3) sem deyja á annan hátt en með slátrun eða aflifun til manneldis“ skuli falla í áhættuflokk 2.

Förgun efnis í 2. flokki skal fara fram með brennslu eða sambrennslu. Eins er hægt að farga efní úr hrægámum með þrýstisæfingu og urðun, að því tilskildu að efní sé sett í umbúðir með varanlegri merkingu. Fleiri möguleikar eru nefndir s.s. að eftir þrýstisæfingu má vinna efní og framleiða úr því lífrænan áburð, að eftir þrýstisæfingu má nota efní í moltu (að mylta) og framleiða lífgas. Fleiri möguleikar eru nefndir í reglugerðinni.

Rekstraraðila er bent á að hafa hrægám með sjálfdaðum dýrum vel merktan og merkja gáminn með áhættuflokk sem MAST skilgreinir. Verktaki við tæmingu gámsins þarf að vera upplýstur um hvernig farga skuli efninu.

#### 2. Um tíðni eftirlita og áhættumat.

Nýleg reglugerð nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Hugmyndin er að beina athygli meira að þeim fyrirtækjum sem koma verr út úr matinu.

Í áhættumati síðasta árs fékk Stjörnuegg á Vallá einkunnina 16 og lendir þ.a.l. í áhættuflokk B en það þýðir árlegt eftirlit Umhverfisstofnunar. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en fyrir liggur áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs.

#### 3. Frávik síðstu ára og kröfur í eftirliti

Eitt frávik frá árinu 2018 er enn opið. Frávikið snýr að leyfilegri stærð búsin. Núverandi deiliskipulag heimilar allt að

50.000 fugla á búinu, en í eftirliti frá 30. nóvember 2018 kemur fram að allt að 60.000 varphænur séu að Vallá. Í úrbótaáætlun rekstraraðila frá 20. apríl 2020 kemur fram að sótt hefur verið um breytingu á deiliskipulagi og áætlað er að sækja um nýtt starfsleyfi þegar mat á umhverfisáhrifum hefur farið sína leið og meðferð Skipulagsstofnunar á málínus er lokið. Ekki sé hægt að tímasetja úrbætur þar sem hraði málsins ráðist nú af Skipulagsstofnun. Rekstraraðila var bent á að hægt væri að hefja umsóknarferlið og bæta gögnum inn á umsóknina (senda á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)) Starfsmenn í teymi starfsleyfisgerðar munu síðan leiðbeina um hvort öll tilskilin gögn hafi borist og hefja vinnu við starfsleyfisgerð þegar umsóknin er fullbúin.

Engin önnur eldri frávik eru opin.

a. *BAT-niðurstöður (BATC)*

Farið var yfir stöðu á innleiðingu BAT-niðurstaðna (BAT conclusions) í íslensk lög. Íslensk útgáfa af textanum var skoðuð og sagt frá aðlögunartímabilinu. Tæpt var á því að rekstraraðilum í þauleildi muni verða gert að máta sig við kröfur í BAT niðurstöðum og senda stofnuninni.

b. *Hreinsivirki í útblæstri*

Ryk er ekki vandamál á búinu og við skoðun fannst ekki mikil lykt. Rykskiljur (cyklon) eru á fóðursílóum og ekki ryk frá þeim nema mannleg mistök verði við áfyllingu á sílóin. Hávaði vegna búsins er lítill og aðstaða þannig að hann berst ekki í nálæga byggð.

c. *Hreinsivirki í frárennslí*

Frárennslí frá búinu fer í rotþrær, bæði þrifavatn og úr hreinlætisaðstöðu. Rotþrær voru skoðaðar, virðast nýlegar og vel um þær gengið.

d. *Efnanotkun er lítil.*

Helst eru notuð sótthreiniefni og sápur vegna þrifa á húsum.

e. *Geymsla og flokkun úrgangs.*

Úrgangur er flokkaður og utan við búið sáust timburgámur og málmar sem biðu flutnings. Vegna breytinga úr búrum í lausagöngu (e. aviary) var allmikið af nýjum búnaði og umbúðum utandyra. Það er tímabundið ástand.

f. *Geymsla og dreifing hænsnaskíts*

Engar hauggeymslur eru við býlið en hænsnaskítur sem fellur til er fluttur með færiböndum og sniglum út í góama sem standa við húsí og hænsnaskíturinn er keyrður upp í Leirársveit (Geldingaá) til verktaka sem nýrir hænsnaskítin til uppræðslu á melum og ógrónu landi. Rekstraraðili var minntur á að dreifing hænsnaskítsins sé á ábyrgð búsins að Vallá og að upplýsa þurfi verktakan um góða búskaparhætti og gera skriflegan samning um verkið. Eins var bent á að samkvæmt gögnum á vefsíðunni vefsja.is er stór hluti Geldingaár vatnsverndarsvæði (grannsvæði) og sækja þarf um tilskilin leyfi áður en dreifing hefst. Eigandi vatnsveitu og heilbrigðisnefnd fjalla um vatnsverndarsvæði og afmörkun þeirra.

g. *Skráningar og skýrslur.*

Grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust á réttum tíma.

Í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir alifuglabú sem starfsleyfi Stjörnueggis byggir á er gerð krafa um að rekstraraðili að halda skýrslur og dagbók og skrá jafnóðum þætti sem snúa að orkunotkun, vatnsnotkun, framleiðslumagni og magn og innkaup á efnum og lyfum á búið ásamt magni spilliðna sem leggjast til. Farið var yfir þessi mál og ekki gerðar athugasemdir við skráningar.

4. **Umhverfismarkmið**


Rekstraraðila var bent á kosti þess að fyrirtæki setji sér umhverfismarkmið. Með mælanlegum markmiðum þá er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins. Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var til umfjöllunar.

**ÁBENDINGAR**

1. Rekstraraðila var bent á að merkja vel gám fyrir sjálfdað dýr á búinu og upplýsa verktaka við tæmingu gámsins um förgunarleiðir sem MAST samþykkir.

2. Rekstraraðili var beðinn um að fylla út eyðublað um oliugeyma sem afhent var í eftirliti: *2020 Gagnasófnun fyrir oliugeyma* og senda útfyllt eyðublað á Umhverfisstofnun ([ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)) við fyrstu hentugleika.

Reykjavík, 04.09.2020

  
Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.